

Illska, græðgi, fíkn og samkennd

Það eru ekki til mörg illmenni eins og við þekkjum úr teiknimyndum, blinduð af illgirni og einbeitt í að þína og kvelja. Vúha! Fyrr á tímum var lituð svo á að illmenni væru djöfullegar verur. Á tímum sálarfræði, tauga- og félagsvísinda höfum við öðlast vísindalega ígrundaðri sýn á margvíslega bresti sem geta af sér allt frá ungum fjöldamorðingjum í skólum til einræðisherra sem hika ekki við að ráðast inn í önnur lönd og fórna hundruðum þúsunda mannlífa.

Vitaskuld eiga ævinlega margir þættir hlut að máli, en einn samnefnari illmenna er skortur á samkennd (e. *empathy*). Samkennd er tvíþætt. Annars vegar felst hún í vitsmunalegri getu til að skilja aðra og hvað þeim gengur til. Tilfinningaleg samkennd er hins vegar hæfnin til að finna til með öðrum, lífa sig inn í líðan þeirra og finna þörf til þess að liðsinna, líkna eða lina þjáningu þeirra. Vitsmunaleg samkennd er ekki endilega ávísun á siðferðilega breytni enda er alls konar vitsmunlegt misræmi og mótsagnir einkennandi fyrir okkur. Andstætt fyrri aldar mönnum sem töldu dýr skynlausar og sálarlausar skepnur skiljum við til að mynda þjáningu sláturdýra og getum fundið til með þeim. Samt höldum við flest áfram að neyta kjöts. Og leiðin frá vitsmunalegri og tilfinningalegri samkennd með dýrum til þess að hætta að borða kjöt er oft löng.

Skortur á siðferðilegri samkennd er langt í frá eini mælikvarðinn á illsku og samkennd er heldur ekki fullnægjandi forsenda siðferðilegrar breytni. Illska er heldur ekki bara einstaklingsbundin og geta hópar og jafnvel stór kerfi samfélagsins verið ill og nært illsku einstaklinga. Fræg er greining Hönnuh Arendt á því sem hún kallaði lágkúrlega illsku Adolfs Eichmanns, eins helsta gerandans í morðvél Helfararinnar. Lágkúrleg illska hans fólst í vangetu til að sjá gerðir sínar í stærra samhengi vegna þess að hann var drifinn áfram af narsískri þörf fyrir viðurkenningu yfirboðara með því að framfylgja fyrirmælum og hafa vald sem lét hann finna til sín. Það er samt álitamál hvort illska Eichmanns hafi verið jafn



lágkúruleg og Arendt taldi því leyniupptökur sem gerðar voru af samtölum hans um útrýmingarþúðirnar sýna mann sem af eigin hvötum hafði einbeittan vilja til að láta myrða sem flesta gyðinga. Það er hins vegar áberandi í tilfelli Eichmanns að þar kemur saman illt innræti einstaklings og djöfullegt hugmynda- og stjórnkerfi hins nasíska alræðis.

Nú á tímum er í auknum mæli farið að beina sjónum að illsku stórra kerfa. Til að mynda er tæplega 60 milljörðum landdýra slátrað á heimsvísu árlega og því er mætvælaíðnaði heimsins stundum líkt við helför gegn dýrum. Loftslagsbreytingar af völdum manna eiga stóran þátt í fjöldaútrýmingu og er talið að um 25.000 tegundir lífvera deyi út árlega. Ofrækt og einhæf akuryrkja hafa gert moldina örmagna og gengið er á vatnsforða jarðar hraðar en hann nær að endurnýjast. Gengið hefur verið á búsvæði villtra dýra á undanfarinni öld og er það nú ekki nema um sjötti hluti af því sem áður var. Þetta vitum við flest og lifum með því án þess að depla auga. Án þess að finna til vegna þess að við erum orðin svo vön því að lifa í vitsmunalegu misræmi. Við heyrum ekki lengur hvað þetta allt er ósamhljóma því síbýlja veruleikans er ómstríður trumbusláttur ósjálfbærs hagkerfis sem hefur löngu rofnað úr tengslum við takmarkaðar auðlindir jarðar.

Er þetta illska? Og hver ber þá ábyrgð á henni? Ekki er hægt að persónugera hana í manndjöflum á borð við Hitler og Stalín. Er hægt að sækja einhvern til saka fyrir illsku sem er svo yfirgripsmikil og víðfeðm að mannlegt ímyndunarafl nær ekki einu sinni utan um hana? Mörg hver sættum við okkur við þetta misræmi sem vaxtarverki ofboðslegrar mannfjölgunar undangenginna áratuga í krafti læknávisinda, bættrar næringar, aukins hreinlætis og betri lífsskilyrða í ýmsu tilliti. Og þá kemur að hinu viðkvæðinu: Við hljótum að geta komið böndum á þetta ástand með grænum lausnum í hagkerfinu og þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Svo hljóta tæknin og vísindin að stuðla að jarðnæmara hagkerfi og koma í veg fyrir að við rústum jarðneskum forsendum tilvistar okkar eigin tegundar.

Þótt þetta hafi lengi verið viðkvæðið er sama hvað við reynum að sannfæra okkur sjálf: Tölfræðilegar staðreyndir um ástand jarðarinnar tala ómyrku máli. Þrátt fyrir grænu lausnirnar, tækninýjungar og aukna umhverfisvitund færast sá dagur framur með hverju árinu þar sem gengið er meira á forða jarðarinnar en sjálfbært er. Við stöndum í sívaxandi vistfræðilegri skuld við það sem jörðin megnar að gefa af sér.

Ef stjórn mála-hagkerfið sem við búum við er illt, hvernig er þá illsku þess haldið svo vel við að því verður traudlega snúið til betri vegar? Það merkilega er að illska kerfisins beinist að okkur sjálfum sem mannkyni. Platon sagði að það væri verra að gera illt en verða fyrir illsku vegna þess að illvirkni sverti sálina

og man þarf að lifa við sín eigin illvirki. Karma er orð yfir skylda hugmynd, en einnig synd og bæði orðin eru bundin hinu illa í einstaklingum. Nú á tímum er illskan aftur á móti þess megnug að gera út af við líf okkar sem tegundar og annarra tegunda í leiðinni. Þetta er kerfislæg illska sem á lítið skylt við brjálaðing með aðgang að kjarnorkusprengjutakka. Vúha!

Hið illa í þessu kerfi – að því leyti sem það grefur undan jarðneskum forsendum tilvistar okkar – er að það viðheldur sjálfu sér og heldur okkur við efnið. Græðgin er olían sem heldur þessari vél gangandi. Græðgin sem ágirnd í meira fé og meiri gæði var áður fyrr talin til dauðasyndanna. Það meinlega við þessa vél er að hún lætur okkur öll ánetjast græðginni í gegnum neyslu. Græðgi ein-kennir ekki bara ýktu Gordon Gekko-Wall Street týpuna sem hrópar „græðgi er góð!“ heldur gengur allt kerfið fyrir græðgi sem ásókn í gæði. Græðgi hefur alltaf verið til en með umbreytingu framleiðslu-kapítalisma í fjármagns-kapítalisma verður græðgin að gangverki kerfis sem verður að vaxa stöðugt út yfir sig með endalausum hagvexti. Afnáam gullfótarins klippti endanlega á það sem eftir var af jarðtengingu peninga við efnislegar og takmarkaðar auðlindir jarðarinnar. Síðan þá hefur græðgin í fjármagnshagkerfi heimsins leikið lausum hala yfir hyl-dýpinu. Hagkerfi ganga út á að auka magn peninga sem felur einnig í sér að auka magn skulda einstaklinga og ríkja og stöðugt þarf að framleiða meira til þess að koma peningum ofur-fjármagnseigenda „í jörð“.¹ Dæmi um þetta er fjölgun álvera, til dæmis hér á hápunkt í íslensku stóriðjustefnunna, þótt nóg ál sé fyrir í heiminum sem má endurvinna í stað þess að eyða orku í að framleiða nýtt ál. Núverandi áform um orkuver um allt Ísland eru í þessum anda því í mínum huga er augljóst að þar ráða skammvín gróðasjónarmið ferðinni fremur en lang-tímahugsun um ómetanleg jarðfræðileg og landfræðileg verðmæti sem okkur hér á landi ber að standa vörð um fyrir heimsbyggðina og komandi kynslóðir.

Sam Pulk, fyrrum verðbréfasali á Wall Street, lýsir því í bók sinni *Af ást á peningum: Minningar um fjölskyldu, fíkn og ferð Wall Street verðbréfasala til að enduskilgreina velgengi*² hvernig forkólfar kerfisins leituðu allra leiða til að tryggja eigið fé í bankakreppunni og sögðust vera svo uppteknir við það að þeir hefðu ekki tíma til að velta fyrir sér hvaða áhrif það hefði á afkomu almennings og samfélagið í heild. Það er athyglisvert að Pulk að lýsir græðginni sem fíkn og hvernig peningamenn hefðu verið þarna líkt og á helberu trippi.

¹ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Dependency and Emancipation in the Debt-Economy: Care-Ethical Critique of Contractarian Conceptions of the Debtor-Creditor Relation“, *Hy-patia* 30:3, 2015, bls. 564–579.

² Sam Pulk, *For the Love of Money: A Memoir of Family, Addiction and a Wall Street Traders Journey to Redefine Success*, New York: Scribner, 2016.

Gekkióar peningaheimsins eru ekki bara á valdi gróðafiknar heldur erum við öll á valdi græðgi að því leyti sem við erum drifin áfram í neyslu. Málið með græðgina er að hún er afsprenni sjálf viljans sem vill sífellt meira. Þegar eitthvað er fengið kemur skammvinn fullnægja en svo lætur viljinn aftur á sér kræla og krefst meira. Við erum samt ekki dæmd til fiknar vegna þess að þessi fikn á sér forsendu sem unnt er að takast á við. Það er aftenging frá eigin athygli, eigin upplifun, eigin reynslu.

Við getum tekið dæmi af ýmiss konar neyslufikn og ein nærtæk og æ útbreiddari birtingarmynd er neyslan sem á sér stað á samfélagsmiðlum. Samfélagsmiðlar gera okkur háð sífellt nýjum upplýsingum og svörun eða viðbragði við því sem við sjálf gerum og sýnum á vettvangi þeirra. Allt þetta leysir úr læðingi í heilanum dópamín sem kallar fram ánægjukennnd og leiðir til frekari neyslu á þessum miðlum. Með tímanum getur ásókn í slíka miðla orðið að fikn í að kíkja sífellt inn á síður þeirra til að viðhalda dópamín-fixinu. Fíknin aftengir okkur jafnframt eigin upplifun vegna þess að við sækjum stöðugt í eitthvað sem aftengir okkur frá okkur sjálfum, rænir athygli okkar og beislar hana í þágu samfélagsmiðlanna og þess fjárhagslega ábata sem hlýst af virkjun okkar á þeim.

Er hægt að líkja þessari fikn við illsku? Er ekki margt gott við samfélagsmiðla sem tengja fólk saman, skapa vettvang opinberrar umræðu og svo framvegis? Jú, í einhverjum mæli en þegar þessi fikn aftengir okkur frá okkur sjálfum er hún orðin að hinu vonða. Græðgi í meira, fikn í fleira elur auk þess á reiði og öfund enda eru samfélagsmiðlar mun oftar vettvangur samanburðar og samkeppni en uppbyggilegra og umbreytandi samskipta.

Þá erum við aftur komin að samkenndinni, en hún fær illa þrífist þar sem gangverk græðgi er við völd vegna þess að græðgin nærast á samkeppni sem er ekki íþróttamannsleg í besta skilningi heldur snýst um að hafa betur eða vera kveðin í kútinn. Þegar öllu er á botninn hvolft er samkenndin nefnilega leiðin til þess að tengja við okkur sjálf. Að finna til með sjálfum okkur, bæði vitsmunalega og tilfinningalega, er forsenda þess að geta fundið til með öðrum og skilja þá. Þess vegna talaði heimspekingurinn Edith Stein um samkenndarskilning, um hæfnina til þess að skilja aðra vitsmunalega og tilfinningalega.³ Samkenndin losar líka um fjötra samkeppni og samanburðar. Samkenndarskilningur á eigin stöðu og annarra gerir okkur opnari fyrir okkur sjálfum og öðrum, skilningsríkari á eigin stöðu og betur fær um að skilja afstöðu annarra þegar við erum ósammála þeim.

³ Edith Stein, *On the Problem of Empathie*, í 3. Bd. Collected Works of Edith Stein, Springer, 2012.

Við erum komin á stað í veraldarsögu mannkyns þar sem við þurfum að hugsa um að stjórnkerfin virki fyrir jörðina, okkur sjálf og aðrar lífverur. Stjórn-mála-hagkerfi getur ekki bara snúist um fjárhagslega afkomu og að halda fólki við neyslu sem er orðin að tilgangi í sjálfum sér og þannig fíkn fremur en þörf og nauðsynleg neysla. Þess vegna er brýn þörf á allt annarri hugsun sem byggir á samkenndarskilningi sem hefst með að tengja við okkar eigin upplifanir og eigin reynslu, finna fyrir okkur sjálfum, eigin líðan, eigin hugsunum í samhengi við allt sem við erum í sam-vitund með. Sem líkamar erum við af þessari jörð, samtvinnuð öllu sem lifir, hluti af lífsferlum og hvert öðru háð, mennskum og ómennskum lífverum. Samkenndarskilningur er eina raunverulega andsvarið við illsku og fjarri því að tákna einhverja uppgjöf eða linku gagnvart henni. Hún er upphafsreitur þess að takast á við illsku, ekki síst þegar stjórnkerfi hafa hag af því að við séum aftengd okkur sjálfum. Þess vegna þarf að huga að því að stjórn-mál sem stjórn-mála-hagkerfi og mannlegur þroski séu ekki aðskilin, eins og okkur hefur lærst að hugsa, heldur fari saman. Hvorugt getur án hins verið. Kannski getur eitt lítið persónulegt skref verið að staldra næst við þegar við förum eins og á sjálfstýringu inn á samfélagsmiðla og netið og leyft okkur að finna fyrir fíkninni. Að finna til með sjálfum okkur í henni. Hún er bara hluti af okkur og við erum meira en hún. Hún þarf ekki að eiga okkur.

